

Inngangsorð Arnórs Sighvatssonar, aðstoðarseðlabankastjóra og Gunnars Þ. Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins á blaða- og fréttamannafundi Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Inngangsorð aðstoðarseðlabankastjóra

Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hafa nú í morgun birt tilmæli til fjármálafyrirtækja er leiðbeina þeim um hvernig bregðast skuli við dómum Hæstaréttar vegna óskuldbindandi gengistryggingarákvæða. Með tilmælum sínum eru eftirlitsstofnanirnar að lýsa því yfir að það sé eindreginn skilningur þeirra á þeirri stöðu sem upp er komin eftir dóma Hæstaréttar, að í tilfellum þar sem lánasamningur hefur verið dæmdur ólögmatgur skuli uppgjör og endurgreiðslur taka mið af 18. og 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, nema aðilar semji um annað. Tilmælunum er ætlað að skapa festu í viðskiptum á fjármálamarkaði og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Stöðugleiki fjármálakerfisins eru mikilvægir almannahagsmunir sem Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum ber lögum samkvæmt að standa vörð um. Með tilmælunum eru þessar eftirlitsstofnanir að sinna lagaskyldu sem á þeim hvílir.

Tilmælin byggja á þeirri afstöðu fyrrgreindra eftirlitsstofnana að hvorki séu lagaleg né efnahagsleg rök fyrir því að vaxtakjör sem áður tóku mið af erlendum millibankavöxtum haldist áfram eftir að tenging þess hluta höfuðstólsins sem bar slíka vexti við viðkomandi gjaldmiðil hefur verið rofin með dómi Hæstaréttar. Eftirlitsstofnanirnar telja að slík túlkun á niðurstöðu Hæstaréttar, væri hún framkvæmd til hins ýtrasta, fæli í sér svo stórt högg á eigið fé fjármálafyrirtækja að ríkissjóður þyrfti að leggja þeim til umtalsvert nýtt fé. Það er kostnaður sem aðrir samfélagsþegnar bera á endanum.

Aðferðin sem Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið mælast til að verði beitt mun varðveita stöðugleika fjármálakerfisins, jafnvel þótt þorri

lánasamninga með gengistryggingarákvæðum yrðu dæmdir ólöglegir, en tekið gæti langan tíma að fá fyllilega úr því skorið. Eigið fé þeirra mun eigi að síður verða fyrir töluverðu höggi, fari svo að dómur Hæstaréttar nái að lokum til stórs hluta eignasafnsins, en á móti kemur að óvissu hefði þá verið eytt, sem gæti gefið tilefni til þess að endurmeta eiginfjárförfina er fram líða stundir. Staða fjármálakerfisins ætti því að vera traust eftir sem áður.

Staða margra sem tekið hafa gengistryggð lán er afar erfið. Reiði þeirra og vonbrigði eru skiljanleg. Hins vegar er rétt að benda á að þótt aðferðin sem lög mæla fyrir um að mati eftirlitsstofnana sé ekki eins hagstæð lántakendum sem tekið hafa gengistryggð lán og ef upphaflegir erlendir vextir samninganna stæðu óbreyttir, eins og sumir hafa gert kröfu um, þá mun staða þeirra eftir sem áður batna umtalsvert samanborið við óbreytt gengistryggingarákvæði. Framkvæmd samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu gerir því hvort tveggja, tryggir lántakendum hagstæðari niðurstöðu en samkvæmt upphaflegum lánasamningum, og ver um leið almannahagsmuni og þar með t.d. hagsmuni allra skuldara og skattgreiðenda, sem myndu þurfa að bera kostnaðinn ef farið yrði eftir ýtrustu kröfum sumra kröfuhópa. Aðalatriðið er þó það, að þetta er sú nálgun sem lögin kveða á um að mati eftirlitsstofnananna og hún er nauðsynleg til þess að varðveita fjármálastöðugleika.

Áhætta er ávallt til staðar þegar fjármálakerfi þjóðar er annars vegar. Henni verður aldrei eytt að fullu. Óvissan um túlkun dóma Hæstaréttar felur í sér umtalsverða viðbótaráhættu. Hið jákvæða í stöðunni er hins vegar að eftirlitsstofnanir, ríkisstjórn og löggjafi geta takmarkað þessa áhættu verulega, bregðist þau við með réttum hætti.

Segja má með nokkurri einföldun að efnahagsáætlun stjórnvalda, með stuðningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, gangi út á að endurheimta traust; í fyrsta lagi á sjálfbærni ríkisfjármála, í öðru lagi á stöðugleika fjármálakerfisins og í þriðja lagi stöðugleika krónunnar. Þessir þrjú þættir trausts eru svo samofnir, að bresti einn þeirra er ólíklegt að hinir haldi. Töluvert hefur miðað í rétta átt undanfarin misseri. Gengi krónunnar hefur styrkst, gripið hefur verið til umfangsmikilla aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum og endurreisn fjármálakerfisins er komin á góðan reksþöl. Þessum ávinningi má ekki fórnna fyrir skammtímavinsældir. Því ber eftirlitsstofnunum, stjórnvöldum og löggjafarþinginu við þessar aðstæður að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja að þeim ávinningi sem náðst hefur verði ekki glutrað niður.

Ástæða er til að skoða aðeins nánar hvað er í húfi. Mörg lönd heims standa nú á barmi ríkisskuldakreppu. Ísland hefur verið á meðal þeirra, en er á góðri leið með að vinna sig út úr vandanum. Það er sársaukafullt en nauðsynlegt. Umtalsverður viðbótarkostnaður ríkissjóðs vegna nýs áfalls á fjármálakerfið, sem leitt gæti af aðgerðaleyfi, myndi tefla þeim ávinningi í mikla tvísýnu. Það myndi skaða lánstraust ríkissjóðs og tefja þar með aðgengi hans og íslenskra fyrirtækja að erlendum fjármálamörkuðum, eða a.m.k. hafa áhrif á þau kjör sem þar bjóðast. Aðgangur að erlendum lánsfjármörkuðum er forsenda þess að útflutningsdrifinn efnahagsbati komist á skrið. Einnig er ljóst að verri staða bankanna myndi hafa slæm áhrif á þau lánskjör sem bjóðast á innlendum markaði. Útlánavextir gætu hækkað og innlásvextir lækkað. Það myndi einnig draga úr fjárfestingu og tefja efnahagsbatann. Um leið og grafið yrði undan trausti á ríkissjóði og fjármálakerfið, færi traust á gjaldmiðil landsins sömu leið. Það þýðir að ekki yrði hægt að leysa gjaldeyrishöft á þeim tíma sem stefnt er að, þ.e.a.s. að lokinni þriðju endurskoðun

efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Fjármálakerfið yrði ekki heldur í stakk búið til þess að mæta hugsanlegum óstöðugleika í tengslum við afnám hafta. Að lokum er rétt að hafa í huga að svigrúm fjármálafyrirtækja til að koma til móts við aðra einstaklinga og fyrirtæki yrði verulega skert.

Af framangreindu má ráða að brýnir almannahagsmunir krefjast þess að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið setji fram almennar leikreglur sem varðveita stöðugleika á meðan greitt er úr réttaróvissu. Önnur stjórnvöld og löggjafarþingið þurfa einnig að meta hvort nauðsynlegt sé að grípa til frekari aðgerða til þess að taka af allan vafa. Það er í höndum okkar allra að tryggja stöðugleikann. Við væntum þess að allir leggist á sömu sveif til þess að ná því markmiði.

Inngangsorð forstjóra Fjármálaeftirlitsins

Við stöndum andspænis þeirri staðreynd að skapast hefur mikil óvissa í kjölfar dóms Hæstaréttar sem truflar stöðuleika fjármálakerfisins. Það er skylda Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans að skapa festu í viðskiptum á fjármálamarkaði og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Þegar ríkir almannahagsmunir sem felast í ofangreindum markmiðum, sem löggjafinn hefur sett þessum stofnunum, rekast á sérhagsmuni ákveðinna hópa, ber þeim að vinna í þágu almannahagsmuna. Með tilmælum þessum, sem kynnt eru hér í dag, eru Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands ekki að skipa sér í flokk með einum aðila – eða hóp aðila – á móti öðrum, heldur að gegna hlutverki sínu sem eftirlitsstofnanir og bregðast við þeirri óvissu sem hefur skapast.

Í fyrsta lagi beinum við þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að í lánasamningum sem að mati þeirra innihalda óskuldbindandi gengistryggingarákvæði, samanber nýgengna dóma Hæstaréttar, miði þau við vexti sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum eða verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og beitt er þegar óvissa ríkir um lánakjör. Í öðru lagi förum við fram á að miðað verði við þessar forsendur svo fljótt sem auðið er. Í þriðja lagi biðjum við

fyrirtækin að endurmeta eiginfjárförf sína í ljósi aðstæðna. Og í fjórða lagi beinum við þeim tilmælum til þeirra að skýrslugjöf um gjaldeyrisjöfnuð, lausafjárstöðu og eiginfjárstöðu til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands verði miðuð við þessar forsendur.

Nú blasir það við að hvert fjármálafyrirtæki verður að fara vandlega yfir eignasafn sitt og leggja á það kalt mat hvort líklegt sé að hinar ýmsu tegundir samninga verði dæmdar ólögmætar. Telji þau miklar líkur til þess að tilteknir samningar verði dæmdir ólögmætir eða falli fleiri dómar þeim í óhag síðar er til þess mælst að farið verði eftir fyrrnefndum lagaákvæðum við ákvörðun vaxta. Það er hins vegar fjármálafyrirtækjanna sjálfra að ákveða í hvaða tilvikum þau vilja verjast fyrir dómi og í hvaða tilvikum þau vilja það ekki. Í mörgum tilvikum munu þau eflaust kjósa að láta á það reyna fyrir dómstólum hvort tilteknar gerðir samninga séu lögmætir eða ekki. Eftirlitsstofnanir geta ekki tekið þann rétt af þeim. Fjármálafyrirtækjum er auðvitað einnig frjálst að semja um aðrar lausnir við sína viðskiptavini – samningsfrelsi þeirra hefur ekki verið skert – en þau verða að gæta þess að slíkar lausnir skerði ekki eigin fé lánafyrirtækjanna úr hófi fram.

Á næstu vikum og mánuðum mun upplýsingaöflun halda áfram. Kallað hefur verið eftir ítarlegum upplýsingum frá fjármálafyrirtækjum, er miða að því að kortleggja þá flóru samninga sem fyrirtækin hafa gert og gætu reynst innihalda ólögmæt samningsákvæði. Þá eru fyrirtækin beðin um að endurmeta eiginfjárförf sína í ljósi þeirra upplýsinga. Þegar ítarlegar upplýsingar liggja fyrir ættu stjórnvöld að hafa traustan grunn til þess að meta hvort frekari aðgerða sé þörf.

Þegar Fjármálaeftirlitið lagði mat á viðskiptaáætlanir nýju bankanna á síðasta ári með hliðsjón af meðal annars áhættustýringu og stjórnun var gerð krafa um 16% CAD hlutfall til þeirra allra. Þetta var gert til að hafa borð fyrir báru vegna mögulegra áfalla í framtíðinni. Enn fremur gerðum við þá kröfu til eigenda bankanna að þeir sýndu fram á styrk í formi viðbragðssjóðs sem þeir gætu gripið til til að mæta áföllum. Þessar ákvarðanir hafa reynst réttar í ljósi þess sem nú hefur gerst. Vandinn er svo stór að miðað við dekkstu sviðsmyndir gæti þetta hlutfall farið niður fyrir lágmarkið sem við settum, þ.e. 16%. Erfitt er að segja á þessari stundu hvort það gæti farið niður fyrir lögbundið 8% lágmark.

Þörf fyrir – og stærð – viðbótaeiginfjárframlags eigenda kemur ekki í ljós fyrr en greiningu sem Fjármálaeftirlitið hefur sett af stað er lokið.

Spurt hefur verið hvort það komi til greina að endurskoða eiginfjárkröfu til þeirra lánastofnana sem þetta gæti átt við um. Svárið við því veltur að sjálfsgöðu á því hvert framhaldið verður og hvernig óvissu verður eytt, hvort sem er með nýjum dómi eða á annan hátt. Ég vil bara segja það að lokum að Fjármálaeftirlitið hefur lagt áherslu á að bregðast við aðstæðum á grunni faglegs mats á stöðunni. Okkar hlutverk er að stuðla að festu og öryggi í íslensku fjármálalífi og vinna í þágu almannahagsmuna – án tillits til vinsælda. Það munum við gera áfram.